

Samninganefnd Eflingar – stéttarfélags gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Fundur 21. febrúar 2020

Tillaga um vinnustöðvun


Fundur samninganefndar Eflingar - stéttarfélags gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga haldinn 21. febrúar 2020 kl. 14, í salarkynnum Ríkissáttasemjara, Borgartúni 21 í Reykjavík, samþykkir að láta fara fram atkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar skv. 15. grein laga 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar kjarasamnings við Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd félagsmanna Eflingar hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara. Yfirlýsing um að félagið telji viðræðurnar árangurslausar var lögð fram munnlega á fundi hjá Ríkissáttasemjara þann 21. febrúar 2020.

Vinnustöðvunin tekur til félagsmanna Eflingar sem vinna hjá Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ, Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfus skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Eflingar - stéttarfélags sem rann út þann 31. mars 2019. Vinnustöðvunin tekur til allra þeirra starfa sem unnin eru samkvæmt ofangreindum samningi.

Vinnustöðvunin er með þeim hætti að félagsmenn leggja niður vinnu ótímabundið frá klukkan 12:00, mánudaginn 9. mars 2020.

F.h. samninganefndar Eflingar - stéttarfélags
gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga



Sólveig Anna Jónsdóttir,
formaður Eflingar - stéttarfélags